

Hafnarfirði, 27. janúar 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið heldur áfram enda gengið nokkuð vel miðað við helstu tíðindi af heimsfaraldri og takmörkunum vegna hans. Þó er svo komið að fjölgað hefur verulega í hópi nemenda og starfsfólks sem hefur annað hvort greinst með Covid-19 eða er í sóttkví vegna náins aðstandanda og því töluvert um kennslufall á þessum allra síðustu dögum. Vonandi birtir til fljótlega og þar munu tilslakanir á reglum um sóttkví hafa áhrif en þær tóku gildi í gær. Helstu breytingar eru þessar:

Einstaklingum sem eru útsettir fyrir COVID-19 smiti utan heimilis eða dvalarstaðarsíns verður ekki lengur skylt að fara í sóttkví en þurfa þess í stað að viðhafa smitgát. **Það þýðir að þeir geta mætt til vinnu eða í skóla og verða að fylgja reglum um sóttvarnir og gæta vel að fjarlægðarmörkum.**

**Sóttkví verður áfram beitt gagnvart þeim sem hafa verið útsettir fyrir smiti innan heimilis eða dvalarstaðar en þrjú þing eru á heimili geta verið í smitgát, þ.e. tekið þátt í vinnu eða skólastarfi og gætt að persónulegum sóttvörnum. Slíkri smitgát lýkur með sýnatöku. Hægt er að skoða útskýringarmynd á heimasíðu skólans og samfélagsmiðlum, ef eitthvað er óljóst.**

Ávallt er mikilvægt er að **tilkynna veikindi samdægurs** á INNU og setja í athugasemd hvers eðlis veikindin eru (einangrun/sóttkví). Einnig er mikilvægt að fylgjast vel með náminu á INNU og vera í sambandi við kennara, ef eitthvað er.

Það er gaman að segja frá því að lifnað hefur yfir **leiklistarstarfi skólans** og munu leikprufur fara fram í kvöld. **Grænfána var veitt viðtaka** í annað sinn á dögnum og þá mun **ný stjórn foreldraráðs** funda síðar í dag. Meira um þetta síðar.

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla